



Austurvegur 56 - 800 Selfoss

Sími 480 8220 – Myndsendir 480 8201 – Netfang hs@sudurland.is – Kennitala 480284-0549

**Byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu  
Helgi Kjartansson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn**

Selfossi, 17. október 2011  
*1110006HS EI*

**Efni: Umsögn vegna teikninga að gistiheimili að Lambastöðum, Flóahreppi**

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur fengið til umsagnar teikningar, yfirlitsmynd og önnur fylgiskjöl vegna fyrirhugaðs gistiheimilis að Lambastöðum, Flóahreppi.  
Jafnframt kom Almar Sigurðsson á fund HES vegna málsins. Hefur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands farið yfir gögn málsins og er eftirfarandi umsögn HES:

- Ekkert eldhús er á teikningunni, en móttaka þar sem gert er ráð fyrir einum vaski og handlaug. Í byggingarlýsingu kemur fram að gert sé ráð fyrir „eldunaraðstöðu fyrir morgunmat“ í móttöku og að framreiða jafnframt annað mat frá viðurkenndum aðila. Skilyrði fyrir framreiðsla tilbúinna matvæla og framleiðsla morgunverðar er aðskilið vinnurými til hverskonar meðhöndlunar á matvælum og upphvotti. Ef fyrirhugað er að framreiða matvæli og framleiða morgunmat, verður að gera það í sér rými aðskildu frá öðrum.
- Á teikningunni er ekki gert ráð fyrir neinni starfsmannaaðstöðu. Bent er á 17. grein reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 þar sem segir m.a. „*Starfsfólk stofnana eða fyrirtækja, sem fjallað er um í reglugerð þessari, skal eiga greiðan aðgang að snyrtungum og öðrum búnaði samkvæmt reglum Vinnueftirlits ríkisins um húsnaði vinnustaða.*“
- Í byggingarlýsingu er gert ráð fyrir 6500 lítra rotþró. Samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar skal stærð rotþróar við gististað, sem tekur 22 manns í gistingu, vera 10.800 lítrar

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands vill jafnframt benda á að umrædd staðsetning á fyrirhuguðu gistiheimili er einungis í 510 metra fjarlægð frá iðnaðarsvæðinu að Heiðargerði og í uppb. 670 metra fjarlægð frá kjötmjölsverksmiðjunni við Heiðargerði.

Samkvæmt ákvæðum 24. gr. hollustuháttareglugerðar nr. 941/2002 skal vera amk. 500 metra fjarlægð milli mannabústaða og mengandi starfsemi.

Þrátt fyrir að fjarlægð fyrirhugaðs gistiheimilis er >500 metrar er þetta ákvæði hér áréttuð vegna fyrri mála er lúta að kvörtunum íbúa Lambastaða vegna nálægðar við kjötmjölsverksmiðjuna og óþæginda vegna reksturs hennar.



Með staðarvali gistiheimilisins í huga hljóta eigendur Lambastaða, að telja að umrædd staðsetning valdi ekki ónæði eða óþægindum af nálægð við hið skipulagða iðnaðarsvæði enda fyrirhugað gistiheimili staðsett nær iðnaðarsvæðinu en íbúðarhúsið að Lambastöðum.  
Í ljósi ofannefnds er rétt að vekja athygli eigenda á þessu og fá fram þeirra sjónarmið.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Elsa Ingjaldssóttir  
framkvæmdastjóri